



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. janúar 2020.

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um vernd uppljóstrara, þskj. 431, 362. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) hefur ákveðið að taka framangreint frumvarp til umsagnar. Telur skrifstofan efni þess varða mikilvæga samfélagslega hagsmuni jafnt og hagsmuni einstaklinga. Að mati skrifstofunnar er brýnt að tryggja uppljóstrurum fullnægjandi vernd, svo vinna megi gegn valdbeitingu, mismunun og spillingu í samfélaginu. Á það ekki síst við í tilvikum þar sem ljóstrað er upp um ofbeldi og misbeitingu gegn einstaklingum í viðkvæmri stöðu, t.d. vistmönnum á stofnunum. Vert er að minna á að íslenskt stjórnvöld hafa undirgengist ýmsar alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar til að tryggja öllum jafnræði og mannréttindavernd. Þá hefur samningur Sp um réttindi fatlaðs fólks verið fullgildur hér á landi og hefur Alþingi samþykkt þingsályktun um lögleiðingu hans. Með fullgildingu samningsins hafa stjórnvöld skuldbundið sig til að tryggja að fatlað fólk geti notið mannréttinda til jafns við aðra en sökum viðkvæmrar stöðu þess, er það ekki alltaf raunin og því brýnt að þeir sem leitast við að koma upp um brot gegn fötluðu fólki, fái fullnægjandi vernd. Það hefur ekki ætíð gengið eftir eins og t.d. má ráða af dómi hæstaréttar í máli starfsmanns á sambýli sem sagt var upp störfum í kjölfar þess að hann upplýsti um ofbeldi gegn vistmanni: <https://www.haestirettur.is/default.aspx?pageid=347c3bb1-8926-11e5-80c6-005056bc6a40&id=bab70f82-fb32-4746-8cf3-393d98768e61>.

MRSÍ hvetur til þess að hvatir að baki uppljóstrun skuli ekki skipta máli enda yrði það, að mati skrifstofunnar mjög til að veikja áhrifamátt laganna en að sjálfsögðu skal gera kröfu um að upplýsingarnar séu veittar í góðri trú.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

MRSÍ fagnar því að frumvarpið mælir fyrir um reglur um uppljóstranir, sem vinnustöðum er gert að setja, skuli vera skýrar og aðgengilegar þeim sem koma vilja upp um ámælisverða háttsemi og um skýrar skyldur þeirra, sem taka við ábendingum uppljóstrara, til að bregðast við á viðeigandi hátt, en máli skiptir hver skal rannsaka ábendingar. Reynslan sýnir, að oft veit sá sem gera vill viðvart um ámælisvert athæfi, ekki hvert hann á að snúa sér og óttast einnig viðbrögð viðtakenda og afleiðingar þess að ljóstra upp um athæfið. Nái frumvarp þetta fram að ganga mun það t.d. án efa leiða til þess að auka öryggi þeirra og hvata sem vilja upplýsa um möguleg brot samstarfsmanna gegn vistmönnum á stofnunum.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir

framkvæmdastjóri